



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 6. febrúar 2019



Níundi fundur 61. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, miðvikudaginn 6. febrúar 2019 kl.12.00

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Reynir Stefánsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Hjalti Þór Hreinsson, Inga Lilja Lárusdóttir, Magnús Karl Daníelsson og Þorgeir Haraldsson.

Fjarverandi: Þorbergur Aðalsteinsson

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Bráðabirgðaruppgjör 2018
AP fór yfir drög af uppgjöri ársins 2018 sem lagt var fyrir stjórn. Einnig var tekin yfirferð yfir skuldunautalista og eru þau mál í jafnvegi. Stefnt er að því að leggja fram ársreikning á næsta fundi stjórnar HSÍ.
3. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - a. HM í Þýskalandi
Farið var yfir mótið. Hugmynd er að halda fund með öllum markaðsstjórum þar sem GG mun fara yfir uppgjör á mótinu. RG og KV fara í að undirbúa það. Þá mun GBO taka upp við IHF álag á leikmönnum á HM en það er orðið alltof mikið.
 - b. Formannafundur HSÍ
Formannafundur var haldinn í lok janúar. Ekki var mikil mæting en þar var farið yfir helstu mál hreyfingarinnar. Annar fundur verður haldinn í lok febrúar.
4. Stöðuskýrslur nefnda
Málinu frestað til næsta fundar
5. Ársþing HSÍ
 - a. Tillaga af dagssetningu 6.apríl
Dagssetning var samþykkt.
 - b. Framboð til stjórnar
Rætt var um framboð til stjórnar og mun GBO kanna hug stjórnarmanna fyrir næsta formannafund.
 - c. Skýrslur nefnda
Skila þarf inn skýrslum nefnda fyrir næsta stjórnarfund
6. A landslið kvenna
 - a. Verkefni vorsins
RG fór yfir óskir vorsins frá A landsliði kvenna. Liðið mun fara til Póllands í mars og Noregs í maí áður en liðið mætir Spáni. RG klárar plan fyrir liðið.
 - b. Samningamál landsliðsþjálfara
Landsliðsþjálfari kvenna er með lausan samning í vor. GBO, GG og RGG taka að sér að leiða viðræður fyrir hönd stjórnar.



7. Fræðslufundir

a. Súpufundir

MKJ fer í að skipuleggja þá og koma með tillögu af fundum.

b. Markmannsfundir

GM er að kortleggja stöðuna á markmannsmálum og er hugmyndin að halda námskeið með þjálfurum og Tomasi í apríl og svo aftur í júní.

8. Bikarúrslit HSÍ

Bikarúrslit HSÍ verða 7.-10. mars

9. Önnur mál

a. Veðmál

Út er komið ritgerð varðandi veðmál í handknattleik. Búið er að biðja um kynningu á skýrslunni. Stjórn HSÍ óskar eftir að laganefnd komi með tillögur að reglum varðandi þátttöku leikmanna og annarra í veðmálum í handknattleik.

Næsti fundur stjórnar HSÍ er miðvikudaginn 6. mars kl.12.00.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari